

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gámaþjónusta Norðurlands Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	23.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Gámaþjónusta Norðurlands	Eftirlitsmaður	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Arngrímur Sverrisson	Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik né ábendingar komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skráningar og skiladaga skv. því.

Leyfi er fyrir móttöku á 900 tonnum af úrgangi á ári en takið var við 337,187 tonnum árið 2017.

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti er varða starfsleyfið. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist eftirlits- eða rekstraraðila og engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun voru aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti ásamt verklýsingum.

Söfnunarprær og olfuskiljur voru síðast tæmdar 28. mars síðastliðinn. Ítarleg hreinsun er gerð á skiljunni einu sinni á ári en þess á milli er hún tæmd eftir þörfum. Þvottaplan fyrir gripabíla er á svæðinu og í niðurfallinu er forskilja sem var sérstaklega sett upp til að taka við sagi sem er í bílunum. Þó verður ekki allt sagið eftir í þeirri skilju, töluvert af því berst í söfnunarprónna. Það veldur því að oft er mikið í prónni.

Staðið hefur til að aðskilja fráveitu frá spilliefnamóttöku sem er með starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og móttöku fyrir annan úrgang sem er með starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Aðal ástæða fyrir því er að mismunandi kröfur eru gerðar til losunarmarka í starfsleyfunum. Enn stendur til að gera þessa breytingu. Gerðar voru mælingar í fráveitu í maí 2017, allar mælingar voru innan marka starfsleyfis.

Farið var um svæðið og það skoðað. Óhapp varð þegar utan að komandi vörubíll keyrði inn í girðingu á svæðinu og skemmdi hana. Viðgerðir á girðingunni standa yfir.

ANNAÐ

Eftirlitsaðili vill benda á að nú stendur fyrir dyrum innleiðing á breytingarreglugerð við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækja úrgang. Í breytingunni er gerð krafa um að raf- og rafeindatæki séu geymd þannig að bæði undirlag sé vatnshelt og með lekasöfnun en líka að tækin hafi einhvers konar ábreiðslu eða séu geymd innandyrá.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.05.2018

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir